

48. fundur

08. janúar 2015

1201046SA SBG

Málalykill: 502

## **Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 8. janúar 2015 kl. 09:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### **1. Launaröðun ráðgjafaþroskaþjálfa í Hafnafjarðarkaupstað framhald frá síðasta fundi:**

Ráðgjafaþroskaþjálfi telur starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfa 1 eiga við um störf sín frá 1. mars 2013

#### **Niðurstaða:**

Að fenginni afstöðu Hafnafjarðarbæjar er fallist á að röðun ráðgjafaþroskaþjálfa verði samkvæmt starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfa 1 frá þeim tíma er breytingar á skipuriti félagsþjónustu tóku gildi. Þí telur að leiðrétt launaröðun eigi að gilda frá 1. mars 2013 en þá voru verkefni þeirra í raun orðin samkvæmt starfaskilgreiningu Umsjónarþroskaþjálfa 1. SNS skoðar afturvirkni nánar.

### **2. Launaröðun ráðgjafaþroskaþjálfa í Mosfellsbæ framhald frá síðasta fundi:**

Ráðgjafaþroskaþjálfi telur starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfa 1 eiga við um störf sín frá 1 mars 2013

#### **Niðurstaða:**

Samþykkt er að röðun ráðgjafaþroskaþjálfa verði samkvæmt starfaskilgreiningu umsjónarþroskaþjálfa 1. Þí telur að leiðrétt launaröðun eigi að gilda frá 1. mars 2013 en þá voru verkefni þeirra í raun orðin samkvæmt starfaskilgreiningu Umsjónarþroskaþjálfa SNS skoðar afturvirkni breytinga nánar.

### **3. Niðurstaða könnunar um þóknun skv. grein 1.5.3 vegna forstöðuþroskaþjálfa.**

Könnunin var send til allra félagsmálafulltrúa sveitarfélaga utan Reykjavíkur þann 22. desember og ítrekuð 6. janúar 2015. Svör bárust frá 18 aðilum.

#### **Niðurstaða:**

Niðurstaðan sem komin er veldur miklum vonbrigðum þar sem skýrt er í kjarasamningi að það er skylt að ákvæða forstöðumönnum þóknun fyrir álag utan dagvinnutíma auk þess sem samstarfsnefnd hefur margítrekað þessa skyldu. Aðilar fara nánar yfir niðurstöður milli funda.

**Fleira ekki gert - Fundi slitið kl. 10:00**

*Berglind E. Ólafsdóttir  
Sólveig B. Gunnarsdóttir*

*Laufey E. Gissurardóttir  
Anna Lilja Magnúsdóttir*